

Mánudaginn 19. október 1981.

Nr. 62/1979. Þórarinn Þórarinsson

(Jóhannes L. L. Helgason hrl.)

gegn

Kristjáni Péturssyni og

Hauki Guðmundssyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Miskabætur.

### Dómur Hæstaréttar.

Máli þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 21. mars 1979. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum stefndu og þess, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraðsstefnu var fyrirsögn hinnar átöldu greinar, „Dýrlingur og James Bond Íslands“, ekki meðal þeirra ummæla, sem um var fjallað. Málið var munnlega flutt á bæjarþingi Reykjavíkur 20. febrúar 1979. Í bókun um þinghald þetta var getið frumræðna lögmannna aðilja. Var síðan bókað:

„Lögmaður stefnenda tók aftur til máls og tók fram, að fyrirsögn greinarinnar „Dýrlingur og James Bond Íslands“ félli undir hin umstefndu ummæli til ómerkingar. Hann ítrekaði síðan nokkur atriði, ítrekaði gerðar kröfur og lagði málið í dóm.

Lögmaður stefnda lagði nú málið í dóm.“

Samkvæmt þessu er eigi fullnægt réttarfarsskilyrðum til að ómerkja megi fyrirsögn blaðagreinarinnar, sbr. 113. gr. laga nr. 85/1936.

Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með tilvísun til forsendna hans.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 2.500.00 krónur.

### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að áðurgreind fyrisögn verður ekki ómerkt.

Áfrýjandi, Þórarinn Þórarinsson, greiði stefndu, Kristjáni Péturssyni og Hauki Guðmundssyni, 2.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. febrúar 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. febrúar sl., hafa Kristján Pétursson, Miðvangi 41, Hafnarfirði, og Haukur Guðmundsson, Kirkjubraut 3, Ytri-Njarðvík, höfðað með stefnu, birtri 7. janúar 1977, gegn Þóarni Þórarinssyni, Hofsvallagötu 57, Reykjavík.

#### Dómkröfur.

Upphaflegar dómkröfur stefnanda voru þær, að stefndi yrði dæmdur til að greiða þeim skaða- og miskabætur, samtals að fjárhæð kr. 2.800.000 með 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1977 til greiðsludags. Enn fremur til að þola ómerkingu ummæla, sem verða tilgreind hér á eftir, til að birta dómsniðurstöður í dagblaðinu Tímanum að viðlögðum dagsektum og til að greiða hæfilega fjárhæð til birtingar dómsins í opinberum blöðum að mati dómsins. Stefnendur kröfðust þess og, að stefndi yrði dæmdur til að greiða þeim málskostnað að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins féllu stefnendur frá þeim kröfum, að lagðar yrðu dagsektir við birtingu dómsins í dagblaðinu Tímanum, að stefndi yrði dæmdur til að greiða hæfilega fjárhæð til birtingar dómsins í opinberum blöðum og skaðabótakröfunni.

Miskabótakrafan er að fjárhæð kr. 1.400.000, eða kr. 700.000 af hálfu hvors stefnenda.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnenda og honum verði auk þess dæmdur hæfilegur málskostnaður úr þeirra hendi að mati dómsins.

Sættir hafa verið reyndar, en árangurslaust.

Ummæli þau, sem stefnendur krefjast ómerkingar á, eru svo-  
hljóðandi:

I. „Dýrlingur og James Bond Íslands.“

II. „Sakborningar í spíramálunum margfrægu hafa fullyrt, að þeir Kristján og Haukur hafi beitt þá verulegum þvingunum og einnig blekkingum í þeim tilgangi að þröngva þeim til játninga. Skulu nú tilfærð nokkur dæmi:

1. Að þeir hafi falsað undirskriftir undir játningar (án þess að þær lægju fyrir). Síðan hafi þessum falsjåtningum verið veifað framan í aðra sakborninga í því skyni að knýja fram játningar um meðsektir.
2. Að þeir hafi sagt gæsluvarðhaldsföngum eitt og annað misjafnt um fjölskylduhagi þeirra (fanganna) utan múranna, í því skyni að gera þeim vistina sem illþolanlegasta. Af þessu leiðir að játningar verða auðfengnari.
3. Að þeir hafi „lofað“ mönnum vægari refsingu ef þeir vildu vitna gegn hugsanlegum samstarfsmönnum sínum, en ella hótast mun harðari refsingum. (Auðvitað er það alls ekki á færi lögregluþjóna að segja neitt um refsingar. Ákvarðanir um þær taka dómstólar en ekki þeir).
4. Að Kristján Pétursson fari oft og einn til húsleita, og velji sér þá þann tíma þegar annaðhvort eru aðeins börn heima, eða eiginkonur viðkomandi sakborninga, sem ekki vita um réttarstöðu sína gagnvart lögreglunni. Hefur Kristján valið þessa leiðina til húsleita, þegar honum hefur þótt einsýnt um að ekki mundu forsendur fyrir úrskurði um húsleit nægar.

Ofangreindar aðferðir við rannsóknir sakamála er alger lögleysa, og svo er einnig um margar aðrar aðferðir þeirra félaga, sem skal hirt um að tilgreina hér.“

III. „Um framkomu Kristjáns Péturssonar við gæslufanga og fleiri má segja, að hún hefur einkennst af alvarlegum lögbrotum, það er misferli sem krefjast verður að rannsakað verði til hlítar og að viðeigandi refsing komi fyrir. Sá makalausí rógburður og áróður sem sami Kristján hefur haft í frammi gegn dómismálaráðherra og ráðuneyti hans, er alveg í samræmi við þau vísvitandi rangindi, sem Kristján hefur beitt sakborninga sína og sem hér hefur að nokkru verið lýst.“

IV. „.... en búast má við að erfitt verði að hnekkja þeim full-

yrðingum, að margnefndur Kristján hafi margsinnis framið lögbrot í starfi.“

Málavextir.

Framangreind ummæli birtust í dagblaðinu Tímanum hinn 14. apríl 1976 og voru hluti af grein, sem bar yfirskriftina „Dýrlingur og James Bond Íslands“, en grein þessi var auðkennd með upphafsstöfunum S. P. Stefnendur voru þá báðir opinberir starfsmenn. Kristján deildarstjóri í tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli og Haukur rannsóknarlögreglumaður við embætti bæjarfógetans í Keflavík. Þeir höfðu með höndum rannsókn tiltekinnar smygilmála, sem í daglegu tali voru kölluð spíramálin. Stefndi Þórarinn er ritstjóri og ábyrgðarmaður dagblaðsins Tímans.

Með bréfi til ríkissaksóknara, dags. 27. apríl 1976, kröfðust stefnendur þess, að hann léti fara fram opinbera rannsókn, eins fljótt og kostur væri, á réttmæti þeirra sakargifta, sem þeir töldu sig vera borna í nefndri blaðagrein.

Þessi krafa stefnenda var síðan ítrekuð í bréfi lögmanns þeirra til ríkissaksóknara, dags. 5. maí 1976.

Hinn 10. maí 1976 ritar ríkissaksóknari yfirsakadómaranum í Reykjavík bréf. Í því eru tilgreind þau ummæli, sem krafist er ómerkingar á í þessu máli, og þess krafist af hálfu ákærvaldsins, af rannsókn fari fram í sakadómi Reykjavíkur um sakarefni þessi, þ. e. a. s. þau, sem fram koma í hinum tilvitnuðu ummælum. Er þess krafist, að rannsóknin fari fram með svofelldum hætti:

- I. „Rannsakað verði ætlað brot ábyrgðarmanns dagblaðsins Tímans gegn 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 16. gr. og 15. gr., 2. mgr., laga nr. 57/1956 um prentrétt.“
- II. „Rannsókuð verði sannindi eða ósannindi þeirra aðdróttana, sem fram koma í fyrrnefndri blaðagrein og varðað gætu deildarstjórnann og rannsóknarlögreglumanninn refsíábyrgð samkvæmt 131. gr. hegningarlaga, ef sönnuð væru.

Í þessu skyni verði kvaddir fyrir dóm bæði sökunautar og vitni, sem þeir tveir félagar tóku skýrslur af í nokkrum smyglmálum, svo og vottar við töku skýrslanna. Verði menn þessir yfirheyrðir um orð og aðferð svo og um hegðun og háttsemi þeirra féлага við töku skýrslanna.“

Í bréfi ríkissaksóknara eru síðan tilgreind sex meint brot og sakadómsmál.

III. „Rannsakað verði, hvort deildarstjórinn og rannsóknarlög-reglumaðurinn hafi við rannsókn mála tekið sér eitthvert opinbert vald, sem þeir ekki hafa, og þannig gerst brotlegir gegn 116. gr. hegningarlaganna eða misnotað stöðu sína og hallað réttindum einstakra manna á þann veg, að varði við 139. gr. sömu laga.

Í því skyni verði meðal annars rannsökuð sérstaklega starfstaða og starfssvið deildarstjórans svo og kannaðar rannsóknarheimildir hans og félaga hans í hverju því umdæmi, sem þeir hafa verk unnið. Lögð verði fram embættisvottorð hér um og erindisbréf, ef til eru.“

Með bréfi, dags. 22. desember 1976, sendir sakadómur Reykjavíkur ríkissaksóknara endurrit af dómsrannsókn þeirri, sem fram fór í sakadómi skv. kröfu ríkissaksóknarans.

Hinn 28. desember 1977 gefur ríkissaksóknari út opinbera ákæru á hendur stefnda í máli þessu. Segir svo í upphafi ákærunnar:

„Að höfða ber opinbert mál fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur ábyrgðarmanni dagblaðsins Tímans, Þórarni Gunnleifi Jóhanni Þórarinssyni, ritstjóra, Hofsvallagötu 57, Reykjavík, fæddum 19. september 1914 í Ólafsvík, fyrir brot á 108. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa hinn 14. apríl 1976 birt grein í dagblaðinu Tímanum, sem bar yfirskriftina „Dýrlingur og James Bond Íslands“ eftir ónafngreindan höfund, sem þykir fela í sér móðganir og ærumeiðandi aðdróttanir um tvo opinbera starfsmenn, þá Kristján Pétursson, deildarstjóra í tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli, og Matthías Hauk Guðmundsson, rannsóknarlögreglumann við embætti bæjarfógetans í Keflavík og sýslumannsins í Gullbringusýslu, út af starfi þeirra við rannsókn tiltekinna smyglmála.

Greinin í heild þykir bæði móðgandi og ærumeiðandi gagnvart fyrrgreindum opinberum starfsmönnum, en einkum þó eftirgreindir þættir hennar:“

Síðan eru talin upp þau ummæli, sem krafist er ómerkingar á í þessu máli.

Þess er síðan krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að birta dóminn í refsímalinu og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í málinu féll dómur 20. des. sl.

Rétt þótti að fresta flutningi þessa máls, þar til niðurstöður

fyrirgreindrar rannsóknar lágu fyrir og síðan dómur í sakamáli, þegar ákært hafði verið.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnenda er á því byggt, að blaðagreinin hafi verið skrifuð um þá báða og eigi þeir því óskipta sakaraðild. Birting blaðagreinarinnar hafi verið sagnæm og gróf blaðamennska. Ummælin í heild sem og einstakir liðir þeirra séu ærumeiðandi aðdróttanir um stefnendur, sem beri að ómerkja skv. 241. gr. laga nr. 19/1940. Við rannsókn sakadóms Reykjavíkur hafi engar sönnur komið fram um sannleiksgildi ummælanna og í dómi sakadóms Reykjavíkur hafi ummælin verið talin ósönnuð. Stefndi hafi enga tilraun gert til þess að leiða sönnur að ummælunum.

Stefnendur hafi báðir verið opinberir starfsmenn, þegar blaðagreinin var skrifuð. Umstefnd ummæli séu vísvitandi röng og hafi blaðagreinin verið birt til þess að baka stefnendum bæði tjón og álitshnekki, bæði persónulega og eins torveldað þeim að framkvæma skyldustörf sín í opinberu starfi. Ummælin hafi valdið báðum stefnendum miska og þeim mun alvarlegri, þegar tekið sé tillit til þeirra starfa, sem þeir hafi gengt. Þennan miska beri stefnda að bæta stefnendum.

Engu breyti um rétt stefnenda til þess að fá tildæmdan málskostnað, þótt þeir hefðu getað komið kröfum sínum að í refsímáli því, sem höfðað hafi verið gegn stefnda, en hafa verði í huga, að þeir hafi ekki átt beina sakaraðild að því máli.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að umrædd blaðagrein hafi lotið að svonefndum spíramálum. Sum þeirra vitna, sem yfirheyrð hafi verið vegna refsímálsins gegn stefnda, hafi ekki borið stefnendum vel söguna og verði að meta framburði þeirra miðað við þær kröfur, sem gerðar séu í þessu máli. Kristján Pétursson hafi á þessum tíma skrifað margar blaðagreinar og komið fram í sjónvarpi. Hjá honum hafi m. a. komið fram óvægin gagnrýni á dómsmálaráðherra og ráðuneyti hans. Stefnendur hafi leitað eftir því að færa starf sitt yfir á vettvang fjölmiðla og hafi því mátt eiga von á andsvörum á þeim vettvangi, eins og raun hafi orðið á.

Þess beri að gæta, að Hauki Guðmundssyni hafi nú verið vikið úr starfi sínu fyrir svipaðar sakir og honum séu bornar á brýn í hinum umstefndu ummælum.

Krafist sé sýknu af kröfu um greiðslu miskabóta. Verði ekki á hana fallist, verði að taka tillit til þess, að fjárhæð kröfunnar sé úr öllu hófi og í engu samræmi við dómvenju á þessu sviði. Við

mat á bótum verði að hafa í huga, hvernig á blaðaskrifunum hafi staðið.

Við ákvörðun málskostnaðar verði að taka tillit til þess, að ónauðsynlegt hafi verið að höfða þetta mál, því að stefnendur hefðu getað komið öllum kröfum í þessu máli að í refsímáli því, sem höfðað hafi verið gegn stefnda. Því hljóti stefnendur að eiga að bera kostnað af málssókninni.

Forsendur dómsins.

Aðild.

Enda þótt umstefnd ummæli beinist gegn tveimur mönnum og ekki alfarið jafnt gegn báðum, verður samt að telja með tilvísun til 1. mgr. 47. gr. laga nr. 85/1936, að stefnendum sé heimilt að höfða mál þetta í félagi.

Blaðagrein sú, sem hin umstefndu ummæli eru hluti af, var eigi birt undir nafni. Stefndi ber því ábyrgð á efni blaðagreinarinnar skv. 3. mgr. 15. gr. og 16. gr. laga nr. 57/1956 um prentarétt.

Ómerking ummæla.

Eins og að framan er rakið, fór fram í sakadómi Reykjavíkur rannsókn, sem stefnendur lögðu fram í þessu máli, á „sannindum eða ósannindum“ þeirra ummæla, sem krafist er, að ómerkt verði. Í þeirri rannsókn kom fram, að höfundar umræddrar blaðagreinar voru tveir, þeir Árni Yngvason verslunarmaður og Oddur Ólafsson, blaðamaður á Tímanum. Í því skyni að staðreyna „sannindi eða ósannindi“ blaðagreinarinnar og önnur atriði, er rannsóknin beindist að, voru yfirheyrðir bæði sakborningar og vitni, sem stefnendur höfðu yfirheyrt og/eða gert húsleit hjá við rannsókn svokallaðra spíramála. Í framburði nokkurra þeirra, sem yfirheyrðir voru, komu fram fullyrðingar um rannsóknaraðferðir stefnenda svipaðs eðlis og einstök hinna umstefndu ummæla. Stefndur voru og yfirheyrðir fyrir sakadómi Reykjavíkur. Þeir neituðu með öllu að hafa beitt ólögmætum rannsóknaraðferðum.

Af hálfu stefnda sjálfs hafa ekki verið færð fram nein sönnunargögn um sannleiksgildi ummælanna.

Eins og sönnunarfærslu og sönnunarbyrði í þessu máli er hátt að, verður að telja ósannað, að hin umstefndu ummæli hafi sannleiksgildi.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefnda vikið að því, að skoða yrði ummælin sem orðhefnd fyrir margvísleg um-

mæli stefnenda í dagblöðum og annars staða á opinberum vettvangi. Engin gögn hafa verið lögð fram þessu til stuðnings, og er ósannað, að ritun blaðagreinarinnar hafi byggst á orðhefnasjónarmiðum.

Við munnlegan flutning málsins fjölluðu lögmenn aðilja ekki sérstaklega um einstaka þætti hinna umstefndu ummæla, heldur ummælin í heild. Rétt þykir að víkja hér að einstökum þáttum, sem ummælunum er skipt í hér að framan.

I. Í fyrirsögn blaðagreinarinnar, „Dýrlingur og James Bond Íslands“, eru notuð nöfn tveggja söguhetja erlends skemmtiiðnaðar, sem flestir landsmenn munu kannast við. Þótt eflaust mætti nota þessi nöfn til samlíkinga, svo gott þætti, verður að telja, að hér séu þau notuð í háðungarskyni og fyrirsögnin feli í sér móðgun við stefnendur. Ber því að ómerkja fyrirsögnina samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Fyrirsögn þessa þáttar, 1., 2. og 3. töluliður og niðurlag 4. töluliðar þykja fela í sér grófar aðdróttanir í garð stefnenda, sem voru opinberir starfsmenn, en ummælin beinast alfarið að störfum þeirra sem slíkra. Sama máli gegnir um fyrri hluta 4. töluliðar varðandi Kristján Pétursson. Ber því að ómerkja þessi ummæli skv. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

III.—IV. Ummæli í þessum þáttum beinast einvörðungu að Kristjáni Péturssyni og þykja grófar aðdróttanir í hans garð. Ber því að ómerkja þau skv. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Miskabætur.

Í dómi sakadóms Reykjavíkur frá 20. desember sl. í refsímáli því, sem höfðað var gegn stefnda, var honum gert að greiða kr. 25.000 í sekt til ríkissjóðs.

Ummælin um stefnendur í töluliðum II—IV, sem áður voru rakin, fjalla um, hvernig þeir vinni störf sín sem opinberir starfsmenn. Hluti þeirra beinist gegn Kristjáni Péturssyni einum. Ummæli þessi þykja til þess fallin að valda þeim, er þau beinast að, hneisu og óþægindum. Eins og mál þetta liggur hér fyrir réttinum, þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnendum miskabætur skv. 264. gr. laga nr. 19/1940. Þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 190.000 til Kristjáns Péturssonar og kr. 90.000 til Hauks Guðmundssonar. Af þessum fjárhæðum ber stefnda að greiða 13% ársvexti frá 1. janúar 1977 til greiðsludags.

Birting dómsins.

Eftir kröfu stefnenda er rétt að ákveða skv. heimild í 22. gr.

laga nr. 57/1956 um prentrétt, að stefndi skuli birta þá kafla dómsins, er bera yfirskriftina dómkröfur, forsendur dómsins svo og dómsorðið í 1. eða 2. tölublaði dagblaðsins Tímans, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Málskostnaður.

Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnendum, þykir hæfilega ákveðinn kr. 90.000.

Friðgeir Björnsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Framangreind ummæli eru ómerk.

Stefndi, Þórarinn Þórarinsson, greiði stefnendum miska-bætur, Kristjáni Péturssyni kr. 190.000 með 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1977 til greiðsludags og Hauki Guðmundssyni kr. 90.000 með 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1977 til greiðslu-dags.

Stefndi skal birta áðurnefnda kafla dóms í 1. eða 2. tölu-blaði dagblaðsins Tímans, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins.

Stefndi skal greiða stefnendum kr. 90.000 í málskostnað.

Dómi þessum hvað fjárgreiðslur snertir ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.